

Skattar, gjöld og bætur



▶ Staðgreiðsla

Staðgreiðsla skatta 2013 er reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

Af fyrstu 241.475 kr.	37,32%
Af næstu 498.034 kr.	40,22%
Af fjárhæð umfram 739.509 kr.	46,22%

■ Frádráttur vegna lífeyrisréttinda

Heimill frádráttur vegna greiðslu launþega til almennra lífeyrisréttinda er 4% af iðgjaldsstofni, en 2% vegna séreignarsparnaðar.

■ Persónuafsláttur

Persónuafsláttur er 48.485 kr. á mánuði.

■ Sjómannaafsláttur

Sjómannaafsláttur er 246 kr. á dag.

■ Skattlagning barna

Börn fædd 1998 og síðar greiða 6% af tekjum yfir 100.745 kr.

■ Laun frá fleiri en einum launagreiðanda

Þeir sem hafa laun frá fleiri en einum launagreiðanda þurfa að gæta þess að rétt hlutfall sé notað við útreikning á staðgreiðslu. Fari laun yfir 241.475 kr. hjá einum launagreiðanda þarf að reikna 40,22% staðgreiðslu af launum hjá öðrum launagreiðendum, eða eftir atvikum 46,22%.

■ Tryggingagjald

Tryggingagjald er 7,69%.

■ Fjársýsluskattur

Fjársýsluskattur er 6,75%.

■ Fjármagnstekjuskattur

Skattur á fjármagnstekjur er 20%.

▶ Framtal og álagning

■ Barnabætur

Barnabætur með fyrsta barni hjóna eru 167.564 kr. og með hverju barni umfram eitt 199.455 kr. Bætur með fyrsta barni einstæðs foreldris eru 279.087 kr. og með hverju barni umfram eitt 286.288 kr.

Skerðingarmörk vegna tekna eru 4.800.000 kr. hjá hjónum og 2.400.000 kr. hjá einstæðu foreldri. Bæturnar skerðast um 3% af tekjum umfram þessi mörk fyrir eitt barn, 5% fyrir tvö börn og 7% ef börnin eru þrjú eða fleiri.

Viðbótargreiðsla með hverju barni yngri en 7 ára er 100.000 kr. og skerðist um 3% af tekjum umfram ofangreind mörk.

■ Vaxtabætur

Hámark vaxtabóta er 400.000 kr. fyrir einhleyping, 500.000 kr. fyrir einstætt foreldri og 600.000 kr. fyrir hjón/sambúðarfólk.

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta geta ekki orðið hærra en 7% af eftirstöðvum skulda vegna íbúðarkaupa og að hámarki 800.000 kr. hjá einhleypingi, 1.000.000 kr. hjá einstæðu foreldri og 1.200.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki. Skerðing vegna tekna er 8% af tekjustofni.

Vaxtabætur einhleypinga og einstæðra foreldra byrja að skerðast við nettóeign 4.000.000 kr. og falla niður þegar hún nær 6.400.000 kr.

Vaxtabætur hjóna og sambúðarfólks byrja að skerðast við nettóeign 6.500.000 kr. og falla niður þegar hún nær 10.400.000 kr.

■ Auðlegðarskattur

Á nettóeign einhleypings umfram 75 milljónir kr. og að 150 milljónum kr. og nettóeign hjóna umfram 100 milljónir kr. og að 200 milljónum kr. er lagður 1,5% auðlegðarskattur. Á nettóeign umfram 150 milljónir kr. hjá einhleypingi og 200 milljónir kr. hjá hjónum er lagður 2% auðlegðarskattur. Auðlegðarskattur er ekki lagður á félag.

■ Fjármagnstekjuskattur

Skattur á fjármagnstekjur er 20%.

Frítekjumark vegna vaxtatekna er 100.000 kr. á mann.

Frítekjumark vegna leigutekna manna af íbúðarhúsnæði er 30% af leigutekjum.

Frítekjumark gildir ekki um arð, söluhagnað og leigutekjur af öðru en íbúðarhúsnæði.

■ Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra

Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra er 9.604 kr. á einstaklinga sem fæddir eru 1943 og síðar og eru með tekjur yfir 1.495.407 kr. á ári. Undanþegin eru börn innan 16 ára aldurs.

■ Útvarpsgjald

Útvarpsgjald er 18.800 kr. á einstaklinga sem fæddir eru 1943 og síðar og eru með tekjur yfir 1.495.407 kr. á ári. Undanþegin eru börn innan 16 ára aldurs.

■ Skattlagning lögaðila

Tekjuskattur hlutafélaga, einkahlutafélaga og samvinnufélaga er 20% við álagningu 2013.

Tekjuskattur annarra lögaðila er 36% og gildir það m.a. um sameignar- og samlagsfélög, þrotabú og dánarbú.

▶ Virðisaukaskattur

Almennt skattþrep	25,5%
Sérstakt skattþrep	7,0%
Nýtt skattþrep á gistingu (frá 1. 9. 2013)	14,0%

Aðilar með rekstur undir 1.000.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili eru undanþegnir skráningarskyldu á virðisaukaskattsskrá.

■ Endurgreiðsla virðisaukaskatts

Á árinu 2013 verður framhaldið 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu við byggingu, endurbætur og viðhald á íbúðar- og frístundahúsnæði til eigin nota.

Skilafrestur á launamiðum og öðrum gögnum vegna framtals 2013 er til **30. janúar**.
Sé skilað á rafrænu formi lengist fresturinn til **10. febrúar**.